

Nd. 243. Frumvarp til laga [227. mál]

um breyting á lögum nr. 38 14. apríl 1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986.)

1. gr.

29. gr. laganna hljóði svo:

Skylt er starfsmanni að hlýða löglegum fyrirskipunum yfirmanna um starf sitt.

Þrátt fyrir ákvæði laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna er þeim er skipa eftirtalin störf óheimilt að gera verkfall:

1. Starfsmenn Alþingis og stjórnarráðs.
2. Starfsmenn skrifstofu forseta Íslands og starfsmenn íslenskra sendiráða erlendis.
3. Hæstaréttaritari og starfsmenn Hæstaréttar, héraðsdómarar, lögreglustjórar, fulltrúar lögreglustjórans í Reykjavík, tollstjóri, tollgæslustjóri.
4. Starfsmenn ríkissáttasemjara, ríkissaksóknara og ríkislögmans.
5. Forstöðumenn stjórnvæðingafnana ríkisins og staðgenglar þeirra.
6. Forstöðumenn atvinnurekstrar- og þjónustufyrirtækja ríkisins og staðgenglar þeirra nema þeir séu ráðnir sérstakri ráðningu.
7. Aðrir þeir er gegna embættum sem öldungis verður jafnað til embætta þeirra manna sem getið er í 1.–6. tölul.

Fyrir 1. febrúar ár hvert skal fjármálaráðherra birta lista yfir þá starfsmenn sem falla undir 5. og 6. tölul. þessarar greinar.

Ágreiningur um það, hvort maður falli undir ákvæði 1.–7. tölul. þessarar greinar, skal lagður fyrir Félagsdóm sem sker úr honum til fullnustu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt í tengslum við frumvarp til laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna sem lagt hefur verið fram á Alþingi. Í því frumvarpi eru gerðar breytingar á ákvæðum um samningsrétt og verkfallsrétt opinberra starfsmanna. Við undirbúning þess frumvarps var samtökum opinberra starfsmanna, sem að samningu þess unnu, gerð grein fyrir efni þessa frumvarps sem hér liggur fyrir. Þótt þau séu ekki sammála þeim breytingum sem hér eru lagðar til töldu þau þær ekki frágangssök og unnu m.a. að samningu ákvæða í frumvarpið um kjarasamninga opinberra starfsmanna sem miðuð eru við efni þessa frumvarps.

Í frumvarpi þessu felst sú breyting að í upptalningu starfsmanna, sem samkvæmt þessum lögum er ekki heimilt að gera verkfall, bætast starfsmenn stjórnarráðs, starfsmenn ríkissaksóknara og starfsmenn ríkislögmans.

Eins og er nær bann við verkfalli til deildarstjóra og skrifstofustjóra í stjórnarráðinu og að auki til alls starfsfólks í forsætisráðuneyti, utanríkisráðuneyti og launadeild fjármálaráðuneytisins. Í heild hefur því tiltölulega lítill hluti starfsmanna stjórnarráðsins verkfallsrétt.

Frumvarp þetta er flutt í þeim tilgangi að koma í veg fyrir að framkvæmdarvald ríkisins verði lamað vegna átaka um kjaramál og með hliðsjón af því að afnema það misræmi í þessu efni innan stjórnarráðsins sem nú er.

Frumvarpið tekur einnig til allra starfsmanna ríkissaksóknara í stað fulltrúa áður og til starfsmanna ríkislögmans. Embætti þessi kunna að þurfa að fjalla um mál vegna verkfalla og því talið rétt að starfsmenn þeirra eigi þar engan hlut að máli.

Í frumvarpi til laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna er tekið tillit til þessa frumvarps. Er þar gert ráð fyrir að þau stéttarfélög, sem samkvæmt þeim lögum hafa rétt til samninga, semji eftir því sem félagaaðild er fyrir starfsmenn þá sem falla undir 29. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Enn fremur er gert ráð fyrir því að viðkomandi félög eigi rétt á að gerðardómur taki mál þeirra til úrskurðar ef samningar takast ekki.

Í frumvarpinu er einnig sú breyting að listi sá, sem birta skal samkvæmt lögnum, taki einungis til forstöðumanna stofnana. Önnur störf, sem frumvarpið tekur til, eru þess eðlis að ljóst er á hverjum tíma hver þau eru og ekki þörf á árlegri birtingu skrár um þau.